

181

5. gr.

6. nóv.

Verði sjóðurinn svo stór, að ársvextirnar nemi meiru en 4500 — fjögur þúsund og fimm hundruð — krónum, miðað við verðgildi 1. ágúst 1914, má með breytingu á skipulagsskrá þessari ákveða, að tveim þriðju hlutum þeirra vaxta, sem eru fram yfir þá upphæð, megi verja á annan hátt til eflingar tónlist landsmanna.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, forstöðumaður tónlistaskóla tónlistafélagsins, eða þeirrar stofnunar, sem við kynni að taka af þeim skóla, skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins og sá karlmaður, sem elztur er afkomenda Péturs Guðjohnsen dómkirkjuorganista, búsettra í Reykjavík.

Verði tónlistaskólinn lagður niður án þess að önnur hliðstæð stofnun komi í hennar stað, eða verði ekki til að dreyfa neinum afkomenda Péturs Guðjohnsen, er sæti geti átt í stjórninni samkvæmt 1. mgr., skal ráðuneytið tilnefna mann eða menn í stjórnina eftir því sem til vantar.

7. gr.

Stjórninni ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins. — Stjórn sjóðsins ber enn fremur að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir, og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

182

6. nóv.

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Páls Bjarnasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatam af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. nóv. 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Páls Bjarnasonar, skólastjóra í Vestmannaeyjum,
er andaðist 5. des. 1938.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Páls Bjarnasonar, stofnaður af félögum og einstaklingum í Vestmannaeyjum, til minningar um farsælt starf hans þar í þágu skóla og menningarmála.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 1056.21.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn Háskóla Íslands.

4. gr.

Háskóli Íslands skal, tíunda hvert ár, veita verðlaun úr sjóðnum til vísindalegra ritgerða náttúrufræðilegs efnis um Vestmannaeyjar eða vísindalegra rannsókna þar um sama efni, og má verja til þess vöxtum þeim, sem safnast hafa á tímabilinu, að frádregnum vaxtavöxtum, er leggist við höfuðstól.

Verðlaun skulu veitt í fyrsta sinni árið 1950. Þó er það skilyrði, að ritgerðin eða rannsóknin sé að áliti háskólans verðlauna verð. Sé svo ekki, leggjast vextirnir við höfuðstólinn, þar til skilyrðunum er fullnægt.

5. gr.

Prófessorar í náttúrufræði við Háskóla Íslands skulu, þegar þar að kemur, gera tillögur um nánari tilhögun og veita verðlaunin þeim, sem til þeirra vinna.

Meðan ekki er stofnuð náttúrufræðideild við háskólann, annast háskólaráð úthlutunina.

6. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskránni.

182

6. nóv.

A R Ð S K R Á

183

fyrir Veiði- og fiskræktarfélag Víðidalssár.

12. nóv.

Nöfn jarða	Arðeiningar
Þingeyrar	400
Leysingjastaðir	8
Hagi	28
Hólabak	28
Miðhóp	22
Gröf	4
Refsteinsstaðir	18
Titlingastaðir	32
Þorkelshóll, Nýpuk. Sólb.	45
Lækjamót	19
Þórukot	8
Stóra-Ásgeirsá	19
Litla-Ásgeirsá	4
Dæli	10
Hvarf	14
Kolugil	4
Bakkakot	8
Víðidalstunga	90
Valdsrás	4
Kambshóll	4
Neðri-Fitjar	4
Stóra-Hvarf	2
Fremri-Fitjar	5
Hrisar	5
Auðunnarstaðir	32
Galtarnes og Brautarl.	38